

Atvinnulíf í Dalvíkurbyggð

Niðurstöður könnunar á atvinnulífi í Dalvíkurbyggð
Samanburður á milli áranna 2017 og 2015

Mars 2018
Margrét Víkingisdóttir, upplýsingafulltrúi

Efnisyfirlit

Atvinnulífskönnun 2017, inngangur	4
Spurning 1: Hvar í sveitarfélaginu er fyrirtækið þitt staðsett?.....	5
Spurning 2: Í hvaða atvinnugrein starfar þitt fyrirtæki? Ef fleiri en ein kemur til greina velurðu þá atvinnugrein sem hefur mest vægi.	8
Spurning 3: Hversu margir starfsmenn eru starfandi í fyrirtækinu?.....	9
Spurning 4: Hversu mörg stöðugildi eru innan fyrirtækis þíns?.....	11
Spurning 5: Hversu hátt hlutfall starfsmanna fyrirtækisins býr í Dalvíkurbyggð?	13
Spurning 6: Hvernig telur þú að starfsmannafjöldi þíns fyrirtækis eigi eftir að þróast á næstum tveimur árum?	15
Spurning 7: Eru miklar eða litlar árstíðarbundnar sveiflur í fjölda starfsmanna?	17
Spurning 8: Hversu auðvelt eða erfitt er að fá starfsfólk við hæfi í Dalvíkurbyggð?	19
Spurning 10: Hvaða menntun vantar hjá þínu starfsfólki til að efla enn frekar starfsemi þíns fyrirtækis?	23
Spurning 11: Hver er árleg velta fyrirtækisins sem þú starfar hjá, mæld í milljónum króna?	25
Spurning 12: Hefur velta fyrirtækisins aukist, minnkað eða staðað í stað síðustu 3 árin?.....	27
Spurning 13: Telur þú að afkoma fyrirtækisins eigi eftir að batna, versna eða standa í stað árið 2017 samanborið við árið 2016?.....	29
Spurning 14: Eru árstíðarbundnar sveiflur í verkefnum fyrirtækisins?.....	31
Spurning 15: Sé litið til síðustu 2ja ára, telur þú að verkefnastaða þíns fyrirtækis hafi batnað, versnað eða staðið í stað?	33
Spurning 16: Hversu miklu eða litlu máli skiptir þróun núverandi vöru/þjónustu fyrir starfsemi þíns fyrirtækis?	35
Spurning 17: Hversu miklu eða litlu máli skiptir nýsköpun fyrir starfsemi þíns fyrirtækis?	37

Spurning 20: Hvað af eftirfarandi stoðþáttum hefur mest áhrif á afkomu þíns fyrirtækis? Vinsamlegast veldu þau þrjú atriði sem þér finnst skipta mestu máli? ..	43
Spurning 21: Ef auka ætti fjölbreytni í atvinnulífinu í Dalvíkurbyggð hvað myndir þú leggja áherslu á? Vinsamlegast veldu þau þrjú atriði sem þér finnst skipta mestu máli.	46
Spurning 22: Hefurðu mikinn eða lítinn áhuga á samstarfi við önnur fyrirtæki í Dalvíkurbyggð?	47
Spurning 23: Hefurðu mikinn eða lítinn áhuga á samstarfi við önnur fyrirtæki í Eyjafirði?	49
Spurning 24: Vinsamlegast nefndu þau atriði sem þú telur að gæti komið sér vel að vera í samstarfi um. Þetta geta verið atriði eins og til dæmis markaðssetning, vörumerki, vörupróun, nýsköpun, samgöngur, flutningar, símsvörun, húsnæðismál, búnaðarkaup, starfsmenn og svo framvegis.	51
Spurning 25: Hefurðu nýtt þér þjónustu eða aðstoð eftirfarandi stoðþjónustu við atvinnulífið? Vinsamlegast merktu við allt sem við á.....	53
Spurning 28: Hverja telur þú kosti/galla þess að reka fyrirtæki í Dalvíkurbyggð?	58
Spurning 29: Hversu líklegt eða ólíklegt telur þú að starfsemi fyrirtækisins verði flutt úr sveitarfélaginu innan næstu fimm ára?	62
Spurning 31: Ef já við spurningu 30, vinsamlegast útskýrðu með hvaða hætti.....	66
Spurning 32: Annað sem þú vilt að komi fram?	68
Samandregnar niðurstöður spurninga	69

Atvinnulífskönnun 2017, inngangur

Árið 2015 fór fram könnun á stöðu atvinnulífs í Dalvíkurbyggð á meðal fyrirtækja í sveitarfélaginu og var sú könnun framkvæmd í gegnum kannanakerfið SurveyMonkey.

Á 26. fundi atvinnumála- og kynningaráðs samþykkti ráðið að senda aftur út sama spurningalista og 2015 með það að markmiði að kanna núverandi stöðu atvinnumála í Dalvíkurbyggð ásamt því að fá samanburð á milli áranna 2015 og 2017. Könnunin var framkvæmd í gegnum kannanakerfið SurveyMonkey og var opin frá 15. nóvember –10. desember 2017.

Fyrirtæki var í þessari könnun skilgreint þannig: Allir sem eru með starfsmenn á launaskrá eða eru starfsmenn hjá eigin fyrirtæki. Þannig voru til dæmis þau íþróttafélög sem eru með þjálfara á launum með í könnuninni.

Sendur var kynningarpóstur um könnunina þar sem fram komu upplýsingar um tilgang og markmið hennar, fjölda spurninga og svo framvegis. Ítrekun var send út þrisvar á tímabilinu.

	2017	2015
Heildarfjöldi fyrirtækja	149	151
Svör	80	89
Svarhlutfall	54%	59%


Heildarfjöldi spurninga í könnuninni er 32 eins og árið 2015. Hérna á eftir verða þær birtar í samanburði við niðurstöður könnunarinnar árið 2015.

Í viðaukum er farið yfir vangaveltur varðandi niðurstöður og nákvæmari greiningu miðað við atvinnugreinar.

Fyrir hönd atvinnumála- og kynningaráðs
Margrét Víkingsdóttir, upplýsingafulltrúi


Spurning 1: Hvar í sveitarfélaginu er fyrirtækið þitt staðsett?

Hvar í sveitarfélaginu er fyrirtækið þitt staðsett?				
Svarmöguleikar	2017		2015	
Dalvík	70%	56	65%	58
Svarfaðardal	15%	12	21%	19
Árskógsströnd	8%	6	8%	7
Árskógssandi	4%	3	2%	2
Hauganesi	3%	2	1%	1
Skiðadal	1%	1	1%	1
Upsaströnd	0%	0	0%	0
Fjöldi svara		80		89




Niðurstöðurnar sýna að líkt og árið 2015 er stærstur hluti fyrirtækja sem taka þátt í könnuninni staðsettur á Dalvík, 70% árið 2017 og 65% árið 2015. Annars eru niðurstöðurnar mjög áþekkar á milli ára og ljóst að ekki hafa orðið neinar sviptingar á þessum tveimur árum.

2017: Hvar í sveitarfélaginu er fyrirtækið þitt staðsett, miðað við atvinnugreinar



2015: Hvar í sveitarfélaginu er fyrirtækið þitt staðsett, miðað við atvinnugreinar



Ferðaþjónusta og iðnaður eru þær greinar sem dreifast mest um sveitarfélagið árið 2017 en árið 2015 eru það ferðaþjónusta, sjávarútvegur og matvælaframleiðsla.

Hérna fyrir neðan má sjá samanburð á milli áranna 2017 og 2015:

Svæði	2017	2015
Árskógssandur	Ferðapjónusta, sjávarútvegur, iðnaður	Sjávarútvegur, matvælaframleiðsla
Hauganes	Sjávarútvegur	Sjávarútvegur
Árskógsströnd	Opinber þjónusta, ferðapjónusta, landbúnaður, þjónusta, iðnaður	Opinber þjónusta, landbúnaður, þjónusta, iðnaður
Svarfaðardalur	Upplýsingatækni, ferðapjónusta, landbúnaður, verslun, iðnaður	Upplýsingatækni, ferðapjónusta, landbúnaður, þjónusta, matvælaframleiðsla
Skíðadalur	Ferðapjónusta	Ferðapjónusta
Dalvík	Opinber þjónusta, upplýsingatækni, ferðapjónusta, sjávarútvegur, fjármálaþjónusta, verslun, þjónusta, iðnaður, flutningar, heilbrigðisþjónusta	Opinber þjónusta, ferðapjónusta, sjávarútvegur, fjármálaþjónusta, verslun, þjónusta, iðnaður, íþrótt- og æskulýðsmál, matvælaframleiðsla, flutningar, heilbrigðisþjónusta

Mesta fjölbreytni atvinnugreina er á Dalvík en þar má finna allar atvinnugreinar í þessari könnun nema landbúnað.


Spurning 2: Í hvaða atvinnugrein starfar þitt fyrirtæki? Ef fleiri en ein kemur til greina velurðu þá atvinnugrein sem hefur mest vægi.

Í hvaða atvinnugrein starfar þitt fyrirtæki? Ef fleiri en ein kemur til greina velurðu þá atvinnugrein sem hefur mest vægi.				
Svarmöguleikar	2017		2015	
Iðnaði	21%	16	11%	9
Opinber þjónusta	16%	12	12%	10
Þjónusta	14%	11	12%	10
Ferðaþjónusta	14%	11	11%	9
Landbúnaði	11%	8	17%	15
Sjávarútvegi	9%	7	16%	14
Upplýsingatækni	4%	3	1%	1
Verslun	4%	3	5%	4
Heilbrigðisþjónusta	4%	3	5%	4
Fjármálaþjónusta	1%	1	1%	1
Flutningum	1%	1	1%	1
Íþróttar- og æskulýðsmálum	0%	0	2%	2
Matvælaframleiðslu	0%	0	7%	6
Samgöngum	0%	0	0%	0
Fjöldi svara		76		86

Athugið að þessi tafla gefur ekki til kynna fjölda starfsmanna á bak við einstaka atvinnugreinar heldur einungis fjölda fyrirtækja í hverri grein.

Samanborið við árið 2015 þá eru fleiri fyrirtæki í iðnaði sem svara könnuninni að þessu sinni, í reynd flest þeirra fyrirtækja sem svara. Árið 2015 voru það fyrirtæki í landbúnaði sem voru flest.

Árið 2017 eru flest fyrirtæki í iðnaði, opinberri þjónustu, þjónustu og ferðaþjónustu. Árið 2015 voru flest fyrirtækin í landbúnaði, sjávarútvegi, opinberri þjónustu og þjónustu.



Spurning 3: Hversu margir starfsmenn eru starfandi í fyrirtækinu?


Hversu margir starfsmenn eru starfandi í fyrirtækinu?		
Svarmöguleikar	Svarhlutfall	Fjöldi svara
1-5	49%	38
6-10	10%	8
11-20	10%	8
21-25	1%	1
26-30	4%	3
31-50	1%	1
51-100	21%	16
101-200	1%	1
Fleiri en 200	3%	2
Annað	0%	0
Fjöldi svara		77

Þessi spurning er breytt frá fyrri könnun og því ekki hægt að gera hér beinan samanburð á milli ára en árið 2015 skrifuðu svarendar tölur yfir fjölda starfsmanna en völdu í ár á milli svarmöguleika. Þessi breyting var gerð til að auðvelda samkeyrslur við aðrar spurningar.


Eins og sést hérna er meirihluti fyrirtækja sem svarar könnuninni með 1-5 starfsmenn en það er sambærilegt við það sem kom fram í könnuninni 2015. Það er líka áhugavert að rúmlega 20% fyrirtækjanna er með starfsmenn á bilinu 51-100.

Við bendum á að yfirsést hefur galli í svarmöguleikum þar sem stendur 11-20 en hefði átt að vera 11-15 og 16-20. Við biðjumst velvirðingar á þessum mistökum.

Skipting miðað við fjölda starfsmanna árið 2017



2017: Hversu margir starfsmenn eru starfandi í fyrirtækinu, miðað við atvinnugreinar



Hérna fyrir ofan má sjá skiptingu á milli atvinnugreina miðað við fjölda starfsmanna árið 2017. Þrjár stærstu atvinnugreinarnar, miðað við fjölda starfsmanna, eru samkvæmt þessu iðnaður, opinber þjónusta og sjávarútvegur.

Ef þessi niðurstaða er borin saman við fjölda fyrirtækja í hverri grein árið 2017 sést að nokkuð samræmi er þarna á milli, það er, þær greinar sem eru með flest fyrirtæki eru líka með flesta starfsmenn s.s. iðnaður og opinber þjónusta. Sjávarútvegur sker sig aðeins úr en þar hefur fyrirtækjum fækkað þó að enn sé sú atvinnugrein með einn mesta fjölda starfsmanna í sveitarfélaginu. Landbúnaður er sú atvinnugrein sem hefur hlutfallslega fæsta starfsmenn miðað við fjölda fyrirtækja en öll fyrirtækin þar hafa 1-5 starfsmenn.

Spurning 4: Hversu mörg stöðugildi eru innan fyrirtækis þíns?


Hversu mörg stöðugildi eru innan fyrirtækis þíns?		
Svarmöguleikar	Svarhlutfall	Fjöldi svara
1-5	55%	39
6-10	15%	11
11-15	6%	4
16-20	1%	1
21-25	1%	1
26-30	6%	4
31-50	6%	4
51-100	10%	7
101-200	3%	2
Fleiri en 200	1%	1
Fjöldi svara		71

Þessi spurning er breytt frá fyrri könnun líkt í spurningu 3 og því ekki hægt að gera hér beinan samanburð á milli ára. Árið 2015 skrifuðu svarendar tölur yfir fjölda starfsmanna en völdu í ár á milli svarmöguleika. Þessi breyting var gerð til að auðvelda samkeyrslur við aðrar spurningar.


Eins og sést á þessum svörum eru flest fyrirtækin með 1-5 stöðugildi og helst það í hendur við spurningu 3 hér að ofan varðandi fjölda starfsmanna en þar kemur fram að flest fyrirtækin eru með fjölda starfsmanna á bilinu 1-5.

Hérna fyrir neðan má sjá niðurstöðurnar í súluriti en þar kemur fram að 55% fyrirtækja sem svara þessari könnun eru með stöðugildi á bilinu 1-5. Einungis 4% fyrirtækjanna eru með fleiri en 100 stöðugildi.

Fjöldi stöðugilda innan fyrirtækja árið 2017



2017: Hversu mörg stöðugildi eru innan fyrirtækis þíns, miðað við atvinnugreinar




Ef fjöldi stöðugilda er skoðaður út frá atvinnugreinum kemur í ljós að flest fyrirtæki í landbúnaði, ferðaþjónustu og þjónustu eru með stöðugildi á bilinu 1-5. Í iðnaði eru 7 fyrirtæki á svæðinu með stöðugildi á bilinu 51-100 en stærstu fyrirtækin eru í opinberri þjónustu, sjávarútvegi og flutningum en þar eru fyrirtæki með fleiri en 100 stöðugildi.

Þessar niðurstöður benda til ákveðinnar fjölbreytni í atvinnulífinu þó ljóst sé að enn eru fá, stór fyrirtæki á svæðinu sem hafi mikið um starfsumhverfið að segja.

Spurning 5: Hversu hátt hlutfall starfsmanna fyrirtækisins býr í Dalvíkurbyggð?


Hversu hátt hlutfall starfsmanna fyrirtækisins býr í Dalvíkurbyggð?				
Svarmöguleikar	2017		2015	
0%	0%	0	0%	0
0-20%	1%	1	1%	1
21-40%	4%	3	1%	1
41-60%	3%	2	5%	4
61-80%	12%	9	9%	7
81-100%	26%	19	17%	14
100%	54%	40	67%	54
Fjöldi svara		74		81




Eins og sést á töflunni og myndinni hérna fyrir ofan býr stærstur hluti starfsmanna fyrirtækja í sveitarfélaginu í Dalvíkurbyggð. Ef borin eru saman árin 2017 og 2015 sést að heldur fleiri starfsmenn búa utan sveitarfélagsins árið 2017 heldur en árið 2015.

Árið 2015 sést að 67% fyrirtækjanna segja að allir starfsmenn fyrirtækisins búi í Dalvíkurbyggð. Sú tala lækkar á milli ára en árið 2017 segja 54% fyrirtækjanna að allir starfsmenn þess búi í Dalvíkurbyggð. Hérna verður að athuga að spurt er um hlutfall en ekki fjölda. Þannig er til dæmis fyrirtæki með tvo starfsmenn, þar sem annar býr á Akureyri, með 50% starfsmanna sem býr í Dalvíkurbyggð.

2017: Hversu hátt hlutfall starfsmanna býr í Dalvíkurbyggð, miðað við atvinnugreinar




2015: Hversu hátt hlutfall starfsmanna býr í Dalvíkurbyggð, miðað við atvinnugreinar



Ef skoðað er hlutfall starfsmanna sem býr í Dalvíkurbyggð eftir atvinnugreinum, samanborið á milli ára, sést að munurinn á milli 2017 og 2015 felst að stærstum hluta í fjölda starfsmanna í iðnaði sem býr utan sveitarfélagsins.


Spurning 6: Hvernig telur þú að starfsmannafjöldi þíns fyrirtækis eigi eftir að þróast á næstum tveimur árum?

Hversu hátt hlutfall starfsmanna fyrirtækisins býr í Dalvíkurbyggð?				
Svarmöguleikar	2017		2015	
þarf að fjölga starfsfólki	33%	23	43%	26
þarf að fækka starfsfólki	1%	1	3%	2
þarf hvorki að fjölga eða fækka starfsfólki	66%	46	54%	33
Fjöldi svara		70		61




Eins og myndin sýnir er þróunin á milli áranna 2015 og 2017 svipuð. Þó eru færri fyrirtæki sem þurfa að fjölga hjá sér starfsfólki árið 2017 heldur en 2015 en að sama skapi líka færri fyrirtæki sem þurfa að fækka starfsfólki. Flest fyrirtæki árið 2017 þurfa hvorki að fjölga eða fækka hjá sér starfsfólki.

2017: Hvernig telur þú að starfsmannafjöldi þíns fyrirtækis eigi eftir að þróast á næstum tveimur árum, miðað við atvinnugreinar




2015: Hvernig telur þú að starfsmannafjöldi þíns fyrirtækis eigi eftir að þróast á næstum tveimur árum, miðað við atvinnugreinar



Ákveðnar breytingar eru á milli áranna 2017 og 2015 hvað varðar stöðu einstakra greina vegna þróunar á starfsmannafjölda. Árið 2017 eru það ferðaþjónusta og iðnaður sem helst þurfa að fjölga starfsfólki en árið 2015 eru það fleiri greinar eða opinber þjónusta, ferðaþjónusta, sjávarútvegur, þjónusta og iðnaður.


Spurning 7: Eru miklar eða litlar árstíðarbundnar sveiflur í fjölda starfsmanna?

Eru miklar eða litlar árstíðarbundnar sveiflur í fjölda starfsmanna?				
Svarmöguleikar	2017		2015	
Mjög miklar	8%	6	13%	10
Frekar miklar	25%	19	23%	18
Hvorki miklar eða litlar	21%	16	15%	12
Frekar litlar	17%	13	16%	13
Mjög litlar	28%	21	34%	27
Fjöldi svara		75		80




Eins og sjá má er ekki ýkja mikill munur á árunum 2017 og 2015 hvað varðar árstíðarbundnar sveiflur í fjölda starfsmanna. Árið 2017 eru 33% fyrirtækja sem búa við mjög eða frekar miklar sveiflur í starfsmannafjölda samanborið við 36% árið 2015.

2017: Eru miklar eða litlar árstíðarbundnar sveiflur í fjölda starfsmanna, miðað við atvinnugreinar




2015: Eru miklar eða litlar árstíðarbundnar sveiflur í fjölda starfsmanna, miðað við atvinnugreinar



Bæði árin 2017 og 2015 eru sveiflurnar mestar í ferðabjónustu, landbúnaði, þjónustu og iðnaði.


Spurning 8: Hversu auðvelt eða erfitt er að fá starfsfólk við hæfi í Dalvíkurbyggð?

Hversu auðvelt eða erfitt er að fá starfsfólk við hæfi í Dalvíkurbyggð?				
Svarmöguleikar	2017		2015	
Mjög auðvelt	4%	3	4%	3
Frekar auðvelt	29%	20	26%	18
Hvorki auðvelt eða erfitt	15%	10	19%	13
Frekar erfitt	32%	22	37%	25
Mjög erfitt	19%	13	13%	9
Fjöldi svara		68		68




Samkvæmt þessum niðurstöðum telja heldur fleiri fyrirtæki það mjög eða frekar auðvelt að fá starfsfólk við hæfi í Dalvíkurbyggð 2017, 34%, heldur en 2015, 30%, þó ekki sé hægt að segja að um afgerandi mun sé að ræða. Hið sama má segja um hversu erfitt fyrirtækin telja það vera að fá starfsfólk við hæfi en árið 2017 telja 51% fyrirtækja það frekar eða mjög erfitt á móti 50% árið 2015.

2017: Hversu auðvelt eða erfitt er að fá starfsfólk við hæfi í Dalvíkurbyggð, miðað við atvinnugreinar




2015: Hversu auðvelt eða erfitt er að fá starfsfólk við hæfi í Dalvíkurbyggð, miðað við atvinnugreinar



Allar atvinnugreinar virðast eiga við einhverja erfiðleika við að finna starfsfólk við hæfi þó það sé mest áberandi fyrir iðnað árið 2017 en meirihluti iðnfyrirtækjanna sem svara þessari könnun eiga í erfiðleikum með að finna starfsfólk við hæfi í sveitarfélaginu. Mögulega er hægt að rekja það að einhverju leyti til uppsveiflu í greininni með auknum fjölda verkefna og þar af leiðandi aukinni þörf fyrir starfsfólk.


Spurning 9: Hversu hátt hlutfall starfa innan þíns fyrirtækis krefst háskólamenntunar?

Hversu hátt hlutfall starfa innan þíns fyrirtækis krefst háskólamenntunar?				
Svarmöguleikar	2017		2015	
0-20%	68%	44	70%	51
21-40%	9%	6	14%	10
41-60%	3%	2	3%	2
61-80%	8%	5	1%	1
81-100%	12%	8	12%	9
Fjöldi svara		65		73




Samkvæmt þessum niðurstöðum krefst stærstur hluti starfa í Dalvíkurbyggð ekki, eða mjög lítillar (0-20%), háskólamenntunar eða 70%. Einu gildir hvort um er að ræða árið 2017 eða 2015. Einungis 12% starfanna krefjast mikillar (81-100%) háskólamenntunar.

2017: Hversu hátt hlutfall starfa innan þíns fyrirtækis krefst háskólamenntunar, miðað við atvinnugreinar




2015: Hversu hátt hlutfall starfa innan þíns fyrirtækis krefst háskólamenntunar, miðað við atvinnugreinar



Séu niðurstöðurnar skoðaðar eftir atvinnugreinum eru það störf innan opinberrar þjónustu og þjónustu sem krefjast mikillar háskólamenntunar að mati þátttakenda árið 2017 en innan opinberrar þjónustu, upplýsingatækni, þjónustu og heilbrigðisþjónustu árið 2015.

Spurning 10: Hvaða menntun vantar hjá þínu starfsfólki til að efla enn frekar starfsemi þíns fyrirtækis?


Hvaða menntun vantar hjá þínu starfsfólki til að efla enn frekar starfsemi þíns fyrirtækis?				
Svarmöguleikar	2017		2015	
Sérhæfða iðnmenntun	21%	12	15%	7
Háskólamenntun	9%	5	11%	5
Almenna iðnmenntun	20%	11	13%	6
Sérhæfða menntun fyrir starfs	41%	23	45%	21
Framhaldsskólamenntun	5%	6	2%	1
Annað	4%	2	15%	7
Fjöldi svara		56		47




Bæði árin 2017 og 2015 telja flest fyrirtækin sig þurfa sérhæfða menntun fyrir starfsemi sína. Hérna væri tækifæri til að spyrja fyrirtækin nákvæmlega hvernig sérhæfða menntun fyrirtækin telja sig þurfa.

Gefinn var möguleiki á að skrifa inn aðra möguleika heldur en sjálfgefna svarmöguleika og komu fram eftirfarandi: garðyrkja, matvælagarð og viðskiptafræði.

2017: Hvaða menntun vantar hjá þínu starfsfólki til að efla enn frekar starfsemi þíns fyrirtækis, miðað við atvinnugreinar




2015: Hvaða menntun vantar hjá þínu starfsfólki til að efla enn frekar starfsemi þíns fyrirtækis, miðað við atvinnugreinar



Helsti munurinn á milli ára hérna er að mun fleiri iðnfyrirtæki telja sig þurfa starfsmenn með sérhæfða iðnmenntun árið 2017 heldur en 2015.

Spurning 11: Hver er árleg velta fyrirtækisins sem þú starfar hjá, mæld í milljónum króna?

Hver er árleg velta fyrirtækisins sem þú starfar hjá, mæld í milljónum króna?				
Svarmöguleikar	2017		2015	
1-20 milljónir	25%	15	30%	21
21-40 milljónir	15%	9	20%	14
41-60 milljónir	12%	7	9%	6
61-80 milljónir	2%	1	1%	1
81-100 milljónir	3%	2	6%	4
101-200 milljónir	15%	9	14%	10
201-300 milljónir	2%	1	1%	1
301-400 milljónir	7%	4	6%	4
401-500 milljónir	5%	3	1%	1
Meira en 500 milljónir	15%	9	11%	8
Fjöldi svara		60		70




Tafla sem sýnir samanburð á tekjum eftir greinum árin 2017 og 2015

	2017	2015
1-20 milljónir	25%	30%
21-100 milljónir	32%	36%
Yfir 100 milljónir	44%	33%


Eins og taflan og grafið hér yfir ofan sýna glögglega hafa tekjur fyrirtækja í sveitarfélaginu aukist verulega á milli þessara tveggja kannana en 11% fleiri fyrirtæki eru með tekjur yfir 100 milljónum árið 2017 heldur en árið 2015. Það gefur sterkar vísbendingar um það að

uppsveifla sé í samfélaginu

2017: Hver er árleg velta fyrirtækisins sem þú starfar hjá, mæld í milljónum króna, miðað við atvinnugreinar




2015: Hver er árleg velta fyrirtækisins sem þú starfar hjá, mæld í milljónum króna, miðað við atvinnugreinar



Á þessum myndum sést að iðnaður er sú atvinnugrein sem sýnir mestar breytingar á milli kannana en töluvert stærri hluti fyrirtækja í þeirri grein er með árlega veltu yfir 500 milljónir króna árið 2017 heldur en var árið 2015.


Spurning 12: Hefur velta fyrirtækisins aukist, minnkað eða staðið í stað síðustu 3 árin?

Hefur velta fyrirtækisins aukist, minnkað eða staðið í stað síðustu 3 árin?				
Svarmöguleikar	2017		2015	
Aukist	56%	35	65%	49
Minnkað	13%	8	7%	5
Staðið í stað	32%	20	28%	21
Fjöldi svara		63		75




Líkt og árið 2015 eru fleiri fyrirtæki sem segja að velta fyrirtækisins hafi aukist eða staðið í stað. Þó eru fleiri fyrirtæki sem telja að velta fyrirtækisins hafi minnkað síðustu þrjú árin árið 2017 heldur en 2015.

2017: Hefur velta fyrirtækisins aukist, minnkað eða staðað í stað síðustu 3 árin, miðað við atvinnugreinar




2015: Hefur velta fyrirtækisins aukist, minnkað eða staðað í stað síðustu 3 árin, miðað við atvinnugreinar



Miðað við þessar myndir er ekki hægt að segja að einhver ein atvinnugrein skeri sig úr.

Spurning 13: Telur þú að afkoma fyrirtækisins eigi eftir að batna, versna eða standa í stað árið 2017 samanborið við árið 2016?


Telur þú að afkoma fyrirtækisins eigi eftir að batna, versna eða standa í stað árið 2017 samanborið við árið 2016?				
Svarmöguleikar	2017		2015	
Batna	33%	20	40%	29
Versna	30%	18	23%	17
Standa í stað	38%	23	37%	27
Fjöldi svara		61		73




Heldur fleiri fyrirtæki telja að staða fyrirtækisins verði verri árið 2017 en 2016 borið saman við fyrri könnun en 30% fyrirtækja telja að staðan eigi eftir að versna í könnuninni 2017 á móti 23% árið 2015.

Þetta er áhugavert í ljósi þess að tekjur fyrirtækjanna hafa aukist á milli kannananna 2017 og 2015.

2017: Telur þú að afkoma fyrirtækisins eigi eftir að batna, versna eða standa í stað árið 2015 samanborið við árið 2014?




2015: Telur þú að afkoma fyrirtækisins eigi eftir að batna, versna eða standa í stað árið 2015 samanborið við árið 2014?



Helsti munurinn á milli kannana hérna er að fleiri fyrirtæki í iðnaði telja að staða þeirra eigi eftir að koma verr út árið 2017 heldur en árið 2016.

Spurning 14: Eru árstíðarbundnar sveiflur í verkefnum fyrirtækisins?


Er árstíðarbundnar sveiflur í verkefnum fyrirtækisins?				
Svarmöguleikar	2017		2015	
Já	80%	57	74%	57
Nei	74%	14	26%	20
Fjöldi svara		71		77




Heldur fleiri fyrirtæki upplifa árstíðarbundna sveiflu í verkefnastöðu fyrirtækisins árið 2017 heldur en árið 2015 en 80% fyrirtækja í sveitarfélaginu telja að svo sé.

Þetta er meira en kom fram í spurningu 7 þar sem spurt var um sveiflur í starfsmannafjölda en þar kemur fram að 33% fyrirtækja telja að það séu frekar eða mjög miklar árstíðarbundnar sveiflur í starfsmannafjölda. Fyrirtækin geta því greinilega mætt sveiflum í verkefnastöðu að einhverju leyti með núverandi mannskap.

2017: Eru árstíðarbundnar sveiflur í verkefnum fyrirtækisins?




2015: Eru árstíðarbundnar sveiflur í verkefnum fyrirtækisins?



Eins og sjá má á þessum myndum eru það ferðapjónusta, sjávarútvegur, landbúnaður og iðnaður sem búa við hvað mestar árstíðarbundnar sveiflur í verkefnastöðu þó að allar greinar glími við þær að einhverju leyti.


Spurning 15: Sé litið til síðustu 2ja ára, telur þú að verkefnastaða þíns fyrirtækis hafi batnað, versnað eða staðið í stað?

Sé litið til síðustu 2ja ára, telur þú að verkefnastaða þíns fyrirtækis hafi batnað, versnað eða staðið í stað?				
Svarmöguleikar	2017		2015	
Batnað	37%	25	50%	38
Versnað	16%	11	13%	10
Staðið í stað	46%	31	37%	28
Fjöldi svara		67		76




Hérna kemur í ljós, í samanburði á milli áranna 2017 og 2015, að heldur fleiri fyrirtæki telja að verkefnastaðan hafi staðið í stað og færri fyrirtækja telja að hún hafi batnað síðustu tvö ár heldur en í fyrri könnun.

2017: Sé litið til síðustu 2ja ára, telur þú að verkefnastaða þíns fyrirtækis hafi batnað, versnað eða staðið í stað?




2015: Sé litið til síðustu 2ja ára, telur þú að verkefnastaða þíns fyrirtækis hafi batnað, versnað eða staðið í stað?



Helstu breytingarnar á milli áranna 2017 og 2015 má helst sjá í ferðaþjónustu en árið 2015 telja öll fyrirtækin að verkefnastaðan hafi batnað en svo er ekki árið 2017.


Spurning 16: Hversu miklu eða litlu máli skiptir þróun núverandi vöru/þjónustu fyrir starfsemi þíns fyrirtækis?

Hversu miklu eða litlu máli skiptir þróun núverandi vöru/þjónustu fyrir starfsemi þíns fyrirtækis?				
Svarmöguleikar	2017		2015	
Mjög miklu máli	39%	24	28%	19
Frekar miklu máli	40%	25	43%	29
Hvorki miklu eða litlu máli	11%	7	19%	13
Frekar litlu máli	3%	2	7%	5
Mjög litlu máli	6%	4	1%	1
Fjöldi svara		62		67




Heldur fleiri fyrirtæki telja að þróun núverandi vöru/þjónustu fyrirtækisins skipti mjög eða frekar miklu málið árið 2017 heldur en árið 2015 eða 79% árið 2017 á móti 71% árið 2015.

2017: Hversu miklu eða litlu máli skiptir þróun núverandi vöru/þjónustu fyrir starfsemi þíns fyrirtækis?




2015: Hversu miklu eða litlu máli skiptir þróun núverandi vöru/þjónustu fyrir starfsemi þíns fyrirtækis?



Sem fyrr dreifist þörfin fyrir vöruþróun nokkuð jafnt yfir atvinnugreinar. Mesta breytingin á milli ára 2017 og 2015 er í ferðapjónustu og iðnaði en þar telja fleiri fyrirtæki að það skipti mjög eða frekar miklu máli að þróa áfram núverandi vöru/þjónustu.


Spurning 17: Hversu miklu eða litlu máli skiptir nýsköpun fyrir starfsemi þíns fyrirtækis?

Hversu miklu eða litlu máli skiptir nýsköpun fyrir starfsemi þíns fyrirtækis?				
Svarmöguleikar	2017		2015	
Mjög miklu máli	29%	20	14%	11
Frekar miklu máli	40%	27	39%	30
Hvorki miklu eða litlu máli	13%	9	34%	26
Frekar litlu máli	9%	6	6%	5
Mjög litlu máli	9%	6	6%	5
Fjöldi svara		68		77




Nýsköpun heldur áfram að skipta svarendur miklu máli en árið 2017 telja 69% nýsköpun skipta mjög eða frekar miklu máli fyrir starfsemi síns fyrirtækis á móti 53% árið 2015. Þannig eru fleiri farnir að hugsa um og velta fyrir sér möguleikum í nýsköpun árið 2017 heldur en árið 2015.

2017: Hversu miklu eða litlu máli skiptir nýsköpun fyrir starfsemi þíns fyrirtækis?




2015: Hversu miklu eða litlu máli skiptir nýsköpun fyrir starfsemi þíns fyrirtækis?



Sem fyrr er helsta breytingin á milli áranna 2017 og 2015 fólgin í iðnaðinum en þar eru töluvert fleiri sem telja nýsköpun skipta mjög eða frekar miklu máli fyrir starfsemi fyrirtækisins árið 2017 en árið 2015.


Spurning 18: Hversu miklu eða litlu skiptir markaðssetning fyrir starfsemi þíns fyrirtækis?

Hversu miklu eða litlu máli skiptir markaðssetning fyrir starfsemi þíns fyrirtækis?				
Svarmöguleikar	2017		2015	
Mjög miklu máli	39%	28	32%	25
Frekar miklu máli	31%	22	40%	31
Hvorki miklu eða litlu máli	10%	7	18%	14
Frekar litlu máli	11%	8	6%	5
Mjög litlu máli	8%	6	4%	3
Fjöldi svara		71		78




Hvað varðar markaðssetningu þá eru svörin nokkuð áþekk á milli áranna 2017 og 2015. Árið 2017 telja 70% að markaðssetning skipti mjög eða frekar miklu máli fyrir starfsemi fyrirtækis síns á móti 72% árið 2015.

2017: Hversu miklu eða litlu skiptir markaðssetning fyrir starfsemi þíns fyrirtækis?




2015: Hversu miklu eða litlu skiptir markaðssetning fyrir starfsemi þíns fyrirtækis?



Ef við skoðum svörin út frá atvinnugreinum má sjá að ferðapjónusta og iðnaður taka þarna nokkrum breytingum á milli ára en þar telja töluvert fleiri að markaðssetning skipti mjög miklu fyrir starfsemi fyrirtækisins árið 2017 heldur en árið 2015. Einnig vekur það athygli að ekkert fyrirtæki í ferðapjónustu telur árið 2017 að markaðssetning skipti frekar eða mjög litlu máli.


Spurning 19: Hvaða leiðir eru nýttar við markaðssetningu á fyrirtækinu og vörum/þjónustu þess? Vinsamlegast merktu við allar þær leiðir sem nýttar eru.

Hvaða leiðir eru nýttar við markaðssetningu á fyrirtækinu og vörum/þjónustu þess? Vinsamlegast merktu við allar þær leiðir sem nýttar eru.				
Svarmöguleikar	2017		2015	
Heimasíða	65%	40	55%	44
Facebook	58%	36	41%	33
Auglýsingar í blöðum	47%	29	5%	4
Almannatengsl	32%	20	5%	4
Sölu kynningar (sölusýningar, söluferðir)	29%	18	3%	2
Youtube	15%	9	3%	2
Instagramm	15%	9	3%	2
Twitter	13%	8	41%	33
Auglýsingar í sjónvarpi	8%	5	20%	16
Auglýsingar í útvarpi	6%	4	20%	16
Flickr	5%	3	24%	19
Vimeo	3%	2	39%	31
Nýti ekki markaðssetningu fyrir fyrirtækið mitt	26%	16	26%	21
Annað	0%	0	5%	4
Fjöldi svara		62		80




Hérna er áhugavert að skoða samanburðinn á milli ára en ef rýnt er í tölurnar og grafið sést að árið 2017 eru fleiri að nýta sér markaðssetningu á heimasíðum, facebook, í blöðum, í gegnum almannatengsl, sölu kynningar, youtube og instagram heldur en var árið 2015. Eins kemur hérna fram að markaðssetning á netinu og í samfélagsmiðlum fá hérna meira vægi heldur en aðrar auglýsingar.

2017: Hvaða leiðir eru nýttar við markaðssetningu á fyrirtækinu og vörum/þjónustu þess? Vinsamlegast merktu við allar þær leiðir sem nýttar eru.




2015: Hvaða leiðir eru nýttar við markaðssetningu á fyrirtækinu og vörum/þjónustu þess? Vinsamlegast merktu við allar þær leiðir sem nýttar eru.



Eins og sést á þessum tveimur myndum er ferðabjónustan að nýta sér fjölbreyttasta kosti til markaðssetningar. Árið 2017 kemur iðnaðurinn líka sterkur inn en þar eru fyrirtækin að nýta sér fjölbreyttari tæki til markaðssetningar heldur en árið 2015.


Spurning 20: Hvað af eftirfarandi stoðþáttum hefur mest áhrif á afkomu þíns fyrirtækis? Vinsamlegast veldu þau þrjú atriði sem þér finnst skipta mestu máli?

Hvað af eftirfarandi stoðþáttum hefur mest áhrif á afkomu þíns fyrirtækis? Vinsamlegast veldu þau þrjú atriði sem þér finnst skipta mestu máli.				
Svarmöguleikar	2017		2015	
Samgöngur	82%	46	82%	50
Gengisþróun	57%	32	16%	10
Flutningur aðfanga	39%	22	28%	17
Gagnaflutningar/ljósleiðari	38%	21	16%	10
Raforkuverð	36%	20	39%	24
Aðgangur að fjármagni	34%	19	38%	23
Menntun starfsmanna	32%	18	48%	29
Flutningur vöru frá fyrirtæki	27%	15	26%	16
Verð á vatni	21%	12	48%	29
Hafnaraðstaða	20%	11	49%	30
Annað	7%	4	8%	5
Fjöldi svara		56		61




Niðurstöðurnar fyrir árið 2017 og 2015 eru nokkuð áþekkar. Sem fyrr telja flestir að samgöngur séu sá stoðþáttur sem hafi mest áhrif á afkomu fyrirtækisins. Helsti munurinn á milli árána 2017 og 2015 er sá að gengisþróun hefur meiri áhrif árið 2017 sem og flutningur aðfanga og gagnaflutningur.

2017: Hvað af eftirfarandi stoðþáttum hefur mest áhrif á afkomu þíns fyrirtækis? Vinsamlegast veldu þau þrjú atriði sem þér finnst skipta mestu máli?



2015: Hvað af eftirfarandi stoðþáttum hefur mest áhrif á afkomu þíns fyrirtækis? Vinsamlegast veldu þau þrjú atriði sem þér finnst skipta mestu máli?




Ef þessi atriði eru skoðuð út frá atvinnugreinum sést hvaða þættir það eru sem hafa mest áhrif á hverja atvinnugrein fyrir sig miðað við árin 2017 og 2015. Þeir þættir sem eru feitletraðir eru þeir sem eru áberandi stærstir innan hvernar greinar.

Atvinnugrein	2017	2015
Opinber þjónusta	Samgöngur Menntun starfsmanna Aðgangur að fjármagni	Samgöngur Menntun starfsmanna Aðgangur að fjármagni
Upplýsingatækni	Gagnaflutningur/ljósleiðar	
Ferðaþjónusta	Samgöngur Gengisþróun	Samgöngur Flutningur aðfanga Gengisþróun
Sjávarútvegur	Samgöngur Hafnaraðstaða Gengisþróun	Samgöngur Flutningur vöru frá fyrirtæki Gengisþróun
Landbúnaður	Samgöngur Raforkuverð Flutningur aðfanga Flutningur vöru frá fyrirtæki Aðgangur að fjármagni	Samgöngur Aðgangur að fjármagni Raforkuverð Gagnaflutningur/ljósleiðari
Verslun	Samgöngur Flutningur aðfanga Flutningur vöru frá fyrirtæki	Samgöngur Flutningur aðfanga
Þjónusta	Samgöngur Raforkuverð Menntun starfsmanna Flutningur aðfanga	Samgöngur Gagnaflutningar/ljósleiðari Menntun starfsmanna
Iðnaður	Samgöngur Raforkuverð Flutningur aðfanga Gengisþróun	Samgöngur Menntun starfsmanna Flutningur aðfanga
Íþrótt- og æskulýðsmál		Menntun starfsmanna
Matvælaframleiðsla		Samgöngur Verð á vatni
Flutningar		
Heilbrigðisþjónusta		Samgöngur
Annað	Vegagerð, snjómokstur, póstgjöld	Vaxtarstig á lánsfjármagni, aðstaða til íþróttaiðkunar, fjöldi íbúa, ákvarðanir stjórnsýslu í ýmsum málum og fjárhagsleg heilsa viðskiptavina.

Þessi spurning gefur tækifæri til að vinna áfram með þær niðurstöður sem hafa mesta svörin.

Spurning 21: Ef auka ætti fjölbreytni í atvinnulífinu í Dalvíkurbyggð hvað myndir þú leggja áherslu á? Vinsamlegast veldu þau þrjú atriði sem þér finnst skipta mestu máli.


Ef auka ætti fjölbreytni í atvinnulífinu í Dalvíkurbyggð hvað myndir þú leggja áherslu á? Vinsamlegast veldu þau þrjú atriði sem þér finnst skipta mestu máli.				
Svarmöguleikar	2017		2015	
Laða að ný fyrirtæki á staðinn	52%	34	54%	17
Aukin nýsköpun	49%	32	41%	14
Ferðapjónusta	42%	27	29%	22
Iðnaður	28%	18	24%	17
Matvælaframleiðsla	26%	17	30%	21
Verslun og þjónusta	23%	15	17%	13
Auka samstarf og samvinnu fyrirtækja á staðnum	23%	15	24%	18
Landbúnaður	20%	13	28%	23
Fleiri opinber störf	17%	11	22%	1
Sjávarútvegur	17%	11	22%	6
Upplýsingatækni	12%	8	18%	4
Samgöngur	11%	7	5%	2
Aukin vörubróun	11%	7	9%	9
Heilbrigðisþjónusta	9%	6	8%	7
Íþrótt- og æskulýðsmál	9%	6	12%	41
Flutningar	5%	3	3%	18
Fjármálageirinn	3%	2	1%	31
Fá stóriðju/álver í nágrennið	3%	2	9%	7
Annað	2%	1	1%	1
Fjöldi svara		65		76



Mikill samhljómur er í svörum á milli ára í þessari spurningu en á toppnum bæði árin er að laða ný fyrirtæki á staðinn og þar á eftir kemur að auka nýsköpun. Árið 2017 er svo talað um fleiri tækifæri í ferðapjónustu á meðan fleiri tækifæri í matvælaframleiðslu komu í þriðja sæti árið 2015.


Spurning 22: Hefurðu mikinn eða lítinn áhuga á samstarfi við önnur fyrirtæki í Dalvíkurbyggð?

Hefurðu mikinn eða lítinn áhuga á samstarfi við önnur fyrirtæki í Dalvíkurbyggð?				
Svarmöguleikar	2017		2015	
Mjög mikinn áhuga	26%	17	21%	15
Frekar mikinn áhuga	39%	26	26%	26
Hvorki mikinn eða lítinn áhuga	30%	20	29%	21
Frekar lítinn áhuga	3%	2	4%	3
Mjög lítinn áhuga	2%	1	10%	7
Fjöldi svara		66		72




Eins og sést hérna er nokkuð mikill áhugi á samstarfi við önnur fyrirtæki í Dalvíkurbyggð en árið 2017 hafa 65% fyrirtækja mjög eða frekar mikinn áhuga á samstarfi og 57% árið 2015.

2017: Hefurðu mikinn eða lítinn áhuga á samstarfi við önnur fyrirtæki í Dalvíkurbyggð?




2015: Hefurðu mikinn eða lítinn áhuga á samstarfi við önnur fyrirtæki í Dalvíkurbyggð?



Mestur áhugi á samstarfi er innan ferðabjónustu, þjónustu og í iðnaði árið 2017 en í ferðabjónustu, sjávarútvegi og þjónustu árið 2015.


Spurning 23: Hefurðu mikinn eða lítinn áhuga á samstarfi við önnur fyrirtæki í Eyjafirði?

Hefurðu mikinn eða lítinn áhuga á samstarfi við önnur fyrirtæki í Eyjafirði?				
Svarmöguleikar	2017		2015	
Mjög mikinn áhuga	27%	18	10%	7
Frekar mikinn áhuga	29%	19	37%	26
Hvorki mikinn eða lítinn áhuga	33%	22	34%	24
Frekar lítinn áhuga	6%	4	13%	9
Mjög lítinn áhuga	5%	3	7%	5
Fjöldi svara		66		71




Það eru heldur færri fyrirtæki sem hafa áhuga á samstarfi við önnur fyrirtæki í Eyjafirði heldur en hafa áhuga á samstarfi við önnur fyrirtæki í Dalvíkurbyggð eins og sést í spurningunni hérna á undan. Alls hafa 56% fyrirtækja mjög eða frekar mikinn áhuga á samstarfi árið 2017 á móti 47% árið 2015. Áhuginn hefur þó aukist á milli kannana sem er það sama og má segja með áhuga á samstarfi við fyrirtæki í Dalvíkurbyggð. Athygli vekur að 27% fyrirtækja hafa mjög mikinn áhuga á samstarfi við önnur fyrirtæki í Eyjafirði árið 2017 á móti 10% árið 2015 sem er töluverð aukning.

2017: Hefurðu mikinn eða lítinn áhuga á samstarfi við önnur fyrirtæki í Eyjafirði?



2015: Hefurðu mikinn eða lítinn áhuga á samstarfi við önnur fyrirtæki í Eyjafirði?




Mestur áhuginn á samstarfi er í ferðapjónustu, þjónustu og iðnaði árið 2017 á móti ferðapjónustu, sjávarútveg og iðnað árið 2015, en eins og þessar myndir sýna er almennt meiri áhugi á samstarfi innan allra greina.

Spurning 24: Vinsamlegast nefndu þau atriði sem þú telur að gæti komið sér vel að vera í samstarfi um. Þetta geta verið atriði eins og til dæmis markaðssetning, vörumerki, vörupróun, nýsköpun, samgöngur, flutningar, símsvörun, húsnæðismál, búnaðarkaup, starfsmenn og svo framvegis.

Vinsamlegast nefndu þau atriði sem þú telur að gæti komið sér vel að vera í samstarfi um. Þetta geta verið atriði eins og t.d. markaðssetning, vörumerki, vörupróun, nýsköpun, samgöngur, flutningar, símsvörun, húsnæðismál, búnaðarkaup, starfsmenn og svo framv.				
Svarmöguleikar	2017		2015	
Markaðssetning	21%	19	21%	15
Vörupróun	13%	12	10%	11
Nýsköpun	12%	11	15%	8
Starfsmenn	12%	11	10%	7
Samgöngur og flutningar	12%	11	11%	7
Stefnumótun og rannsóknir	6%	5	0%	0
Vörumerki	4%	4	0%	0
Samstarf	3%	3	6%	4
Búnaðarkaup	3%	3	4%	3
Húsnæði	2%	2	6%	3
Ferðþjónusta	2%	2	4%	4
Annað	7%	6	14%	10
Fjöldi svara		89		72

Í þessari spurningu voru svarendur beðnir um að skrifa það sem þeir teldu að gæti komið sér vel. Svörin voru síðan tekin og flokkuð niður miðað við fjölda. Þess var gætt að hafa sömu eða svipaða flokka og árið 2015 til þess að fá samanburð á milli ára.



Eins og sést hérna á þessum myndum er markaðssetning sá þáttur sem flestir nefna sem samstarfsmöguleika, bæði árið 2017 og 2015. Þá eru vörupróun og nýsköpun líka oft nefnd bæði árin og er það í samræmi við jákvæð svör við þeim spurningum hér að ofan.

Annað sem var nefnt sem samstarfsmöguleikar:

2017:

Tæknilegar upplýsingar, fjárfestar, skemmtilegir viðburðir, forvarnir, almenn starfsemi, viðhaldsþjónusta.


2015:

Fjárfestingar og fjármögnun, miðlun fyrir lítil þjónustufyrirtæki með sameiginlega símsvörun og bókhaldsþjónustu, samvinna um stefnu, almannatengsl, upplýsingamiðstöð, þjónustu sem er á stærri stöðum en erfitt er að fjármagna á litlum stöðum, símsvörun, samstarf við fyrirtæki um forvarnir, fjallsgirðingar, samvinna um stærri verkefni, vörumerking, samstarf við verktaka af svipaðri stærð til að geta tekið stærri verkefni, betri aðstaða í verbúð.

Hérna væri hægt að vinna áfram með þá þætti sem fá mestu svörunina.


Spurning 25: Hefurðu nýtt þér þjónustu eða aðstoð eftirfarandi stoðþjónustu við atvinnulífið? Vinsamlegast merktu við allt sem við á.

Hefurðu nýtt þér þjónustu eða aðstoð eftirfarandi stoðþjónustu við atvinnulífið? Vinsamlegast merktu við allt sem á við.				
Svarmöguleikar	2017		2015	
Markaðsskrifstofa Norðurlands	43%	13	50%	11
Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar	73%	22	64%	14
Nýsköpunarmiðstöð Íslands	57%	17	36%	8
Fjöldi svara		30		22




Eins og gröfin hér fyrir ofan sýna eru fyrirtækin að nýta sér þjónustu Markaðsstofu Norðurlands, Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar og Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands nokkuð svipað á milli áranna 2017 og 2015. Þó verður að athuga að á bak við þessi svör eru 38% fyrirtækjanna árið 2017 og 25% fyrirtækjanna árið 2015. Vel innan við helmingur þeirra sem svara könnuninni hefur því nýtt sér þjónustu þessara aðila.

2017: Hefurðu nýtt þér þjónustu eða aðstoð eftirfarandi stoðþjónustu við atvinnulífið? Vinsamlegast merktu við allt sem við á.




2015: Hefurðu nýtt þér þjónustu eða aðstoð eftirfarandi stoðþjónustu við atvinnulífið? Vinsamlegast merktu við allt sem við á.



Opinber þjónusta, ferðaðþjónusta, sjávarútvegur, þjónusta og iðnaður eru þær atvinnugreinar sem helst hafa verið að nýta sér þjónustu þessara aðila.

Spurning 26: Telur þú að það þurfi að efla atvinnulíf í Dalvíkurbyggð?

Telur þú að það þurfi að efla atvinnulíf í Dalvíkurbyggð?				
Svarmöguleikar	2017		2015	
Já	95%	53	96%	66
Nei	5%	3	4%	3
Fjöldi svara		56		69




Svörin við þessar spurningu er mjög afgerandi og í raun ekkert mikið um þau að segja. Nánast allir sarendur 2017 og 2015 telja að það þurfi að efla atvinnulíf í Dalvíkurbyggð.

Hér í næstu spurningu er farið nánar yfir það með hvaða hætti sarendur telja að þurfi að efla atvinnulífið.

Spurning 27: Ef já við spurningu 26, með hvaða hætti telur þú að best megi efla atvinnulífið?

Ef já við spurningu 26, með hvaða hætti telur þú að best megi efla atvinnulífið?				
Svarmöguleikar	2017		2015	
Nýsköpun og fjölbreyttni	24%	14	34%	21
Opinber þjónusta/verkefni	15%	9	19%	12
Laða að ný fyrirtæki	14%	8	11%	9
Sérfræðistörf og störf fyrir mennta	14%	8	3%	7
Þjónusta	8%	5	5%	3
Efla mynd	8%	5	5%	3
Húsnæðismál	8%	5	3%	3
Efla og hlúa að þeim fyrirtækjum	6%	3	15%	2
Iðnaður	3%	2	5%	2
Fjöldi svara		59		62

Í þessari spurningu voru svarendur beðnir um að skrifa það sem þeir teldu að gæti komið sér vel. Svörin voru síðan tekin og flokkuð niður miðað við fjölda.



Þessar tvær kannanir gefa til kynna að nýsköpun og fjölbreyttni, verkefni í opinberri þjónustu, laða að ný fyrirtæki og sérfræðistörf og störf fyrir menntaðu séu leiðir til þess að efla atvinnulíf í sveitarfélaginu.

Ýmsar hugmyndir komu svo sem:

2017:

Styðja við nýsköpun og sprota, samvinna, fleiri störf frá ríkinu og stéttarfélögum, skapa fyrirtækjum betri aðstöðu, lægri fasteigna- og þjónustugjöld, styðja við og hlúa að frumkvöðlum, fá íbúa til að nýta sér þjónustu og vörur sem boðið er upp á í heimabyggð í meira mæli, smáiðnaður, orkufrekur iðnaður svo sem sorpbrennslu, gera byggðalagið meira aðlaðandi fyrir ungt fólk, fjölga búsetukostum, auka tæknistörf, skapa fleiri hálaunastörf, menntun, fræðsla, efla störf sem laða að menntað fólk.

2015:


Fá hingað smærri fyrirtæki, fjölga atvinnutækifærum til að laða að ungt fólk, skapa umhverfi sem laðar að sér smærri og sérhæfðari fyrirtæki sem vinna í nýsköpun, fyrst og fremst að hlúa að þeim fyrirtækjum sem eru á staðnum, auka samstarf og samvinnu fyrirtækja á staðnum, hlúa að innviðum, fá fleiri opinber störf, auka framkvæmdir í sveitarfélaginu, ljúka ljósleiðaravæðingu, markvissari markaðssetningu ferðaþjónustu, fleiri sérfræðistörf, fleira í boði fyrir menntaða einstaklinga, auka iðnað t.d. í tengslum við matvælageirann, fá stórt iðnfyrirtæki á svæðið, efla ímyndina.

Spurning 28: Hverja telur þú kosti/galla þess að reka fyrirtæki í Dalvíkurbyggð?

Í þessari spurningu voru svarendur beðnir um að skrifa það sem þeir teldu að gætu verið kostir/gallar við það að reka fyrirtæki í Dalvíkurbyggð. Svörin voru síðan tekin og flokkuð niður miðað við fjölda. Nokkuð var um að það sama kæmi fram sem kostur og galli.

Kostir

Hverja telur þú kosti þess að reka fyrirtæki í Dalvíkurbyggð?				
Svarmöguleikar	2017		2015	
Umhverfi og aðstaða	32%	12	24%	12
Vegalengdir	18%	7	0%	0
Samfélagið	13%	5	29%	14
Starfsfólk/vinnuafli	11%	4	18%	9
Stöðugleiki	11%	4	0%	0
Húsnæði/lóðir	11%	4	0%	0
Fyrirtækin	3%	1	8%	4
Samgöngur	3%	1	6%	4
Þjónusta	0%	0	14%	7
Fjöldi svara		38		50




Eins og sést hér fyrir ofan nefna flestir svarendur þætti sem falla undir umhverfi, aðstöðu, samfélag, starfsfólk og vegalengdir sem kosti við það að reka fyrirtæki í Dalvíkurbyggð. Nánari útlistun á hverjum lið má sjá í töflunni hérna fyrir neðan. Aðeins breytilegt er á milli ára hvaða áherslur eru en árið 2017 eru meiri áherslur á umhverfi og aðstöðu, vegalengdir og samfélagið en árið 2015 á umhverfi og aðstöðu, samfélagið og starfsfólk/vinnuafli.

Hverja telur þú kosti þess að reka fyrirtæki í Dalvíkurbyggð?

	2017	2015
Umhverfi og aðstaða	Staðsetningin, sérstaðan, fallegur staður, nálægð við fólki, frábær staðsetning fyrir ýmsan rekstur	Þéttbýlt, fjölbreytt umhverfi og náttúrufegurð, Tröllaskaginn, nálægð við Akureyri, afskekkt, staðsett miðsvæðis, fjarlægð við allar helstu þjónustuparfir er stutt, vel staðsett.
Vegalengdir	Stutt frá Akureyri, stuttar vegalengdir, flestir búa nálægt vinnu, stutt í allt á staðnum	
Samfélagið	Gott samfélag, smæðin, gott mannlíf	Auðugt og gott mannlíf, einlitt samfélag, lítið samfélag, samheldni íbúa, góður staður, fjölskylduvænt, gott og stöndugt samfélag.
Starfsfólk/vinnuafli	Stöðugt vinnuafli, hæft starfsfólk, lítil starfsmannavelta	Þokkalegt að ná í starfsfólk, hæft og stöðugt, aðgengi að traustu og góðu starfsfólki gott, metnaðarfullt og gott starfsfólk
Húsnæði/lóðir	Ódýrt húsnæði, ódýrt lóðaverð, ódýrt húsnæði fyrir fyrirtæki	
Stöðugleiki	Stöðugleiki, stöðugt atvinnulíf, stöðugt vinnuafli	
Fyrirtækin	Eftirspurn eftir vinnu	Önnur sterk fyrirtæki á svæðinu, blómlegt umhverfi fyrir landbúnað, gott að reka fyrirtæki hér, ágætis heimamarkaður
Samgöngur	Góðar samgöngur	Góðar samgöngur, góðar samgöngur við höfuðborgarsvæðið

Gallar

Hverja telur þú galla þess að reka fyrirtæki í Dalvíkurbyggð?				
Svarmöguleikar	2017		2015	
Fjarlægðir/samgöngur/flutningskostnaður	30%	11	18%	6
Umhverfi og aðstaða	27%	10	26%	9
Samfélagið	22%	8	24%	8
Starfsfólk	14%	5	0%	0
Húsnæðismál	8%	3	9%	3
Einhæfni	0%	0	6%	2
Annað	0%	0	18%	6
Fjöldi svara		37		34




Bæði árin 2017 og 2015 falla flest svörin innan flokkanna fjarlægðir/samgöngur/flutningar, umhverfi og aðstaða og samfélagið. Hérna fyrir neðan má sjá töflu sem tilgreinir nánar hvaða þætti er um að ræða í hverjum lið fyrir sig.

Hverja telur þú galla þess að reka fyrirtæki í Dalvíkurbyggð?

	2017	2015
Umhverfi og aðstaða	Dýr hafnagjöld, dýr aðstöðugjöld, há fasteignagjöld, auglýsa Dalvíkurbyggð frekar, lágt þjónustustig	Lélegur vegur í framdál, stopull snjómokstur, upphitun of hár kostnaðarliður, auknar álögur sveitarfélags og eftirlits aðila, lítill samstarfsvilji hjá forsvarsmönnum Dalvíkurbyggðar, nettenging.
Samfélagið	Erfitt að halda ungu fólki, erfitt að fá fólk í bæinn, fámennið, lítill markaður, þátttaka oft lítil	Fámenni, afskekkt, einlitt samfélag, lítið samfélag, allir þekkja alla og tilbúnir að aðstoða en oft galli að sama skapi því stækkun oft þá hamlandi
Fjarlægðir/samgöngur/flutningskostnaður	Fjarlægð frá markaði, flutningskostnaður, flutningur, mikill kostnaður við aðflutning á vörum, langt frá stærsta markaði, dýrt innanlandsflug	Fjarlægð frá Reykjavík, langt frá markaði, langt frá stærsta atvinnusvæðinu, þurfum að sækja alla þjónustu til Akureyrar, flutningskostnaður
Húsnæðismál	Lítið framboð á húsnæði, skortur á nýbyggingum, vöntun á leiguhúsnæði	Erfitt að fá húsnæði, vantar framboð á leiguhúsnæði fyrir til dæmis nýja starfsmenn sem koma að
Starfsfólk	Erfitt að fá starfsfólk, vantar fólk til starfa, vantar fólk með tiltekna þekkingu og menntun, lítill möguleiki á að afla sér menntunar á staðnum	
Einhæfni		Eggin of mörg í sömu körfunni, einhæft atvinnulíf
Annað		Engir kostir, flutningsgjöld, ekki næg verkefni í heimabyggð, almennt stefnuleysi, orkuskortur, fjármagn


Spurning 29: Hversu líklegt eða ólíklegt telur þú að starfsemi fyrirtækisins verði flutt úr sveitarfélaginu innan næstu fimm ára?

Hversu líklegt eða ólíklegt telur þú að starfsemi fyrirtækisins verði flutt úr sveitarfélaginu innan næstu fimm ára?				
Svarmöguleikar	2017		2015	
Mjög líklegt	1%	1	1%	1
Frekar líklegt	3%	2	6%	4
Hvorki líklegt eða ólíklegt	7%	5	17%	12
Frekar ólíklegt	22%	15	20%	14
Mjög ólíklegt	66%	44	56%	39
Fjöldi svara		67		70




Hérna má sjá að svörin á milli áranna 2017 og 2015 eru mjög áþekkt en árið 2017 eru 88% sem telja það mjög eða frekar ólíklegt að starfsemi fyrirtækisins verði flutt úr sveitarfélaginu innan næstu fimm ára á móti 76% árið 2015.

2017: Hversu líklegt eða ólíklegt telur þú að starfsemi fyrirtækisins verði flutt úr sveitarfélaginu innan næstu fimm ára?




2015: Hversu líklegt eða ólíklegt telur þú að starfsemi fyrirtækisins verði flutt úr sveitarfélaginu innan næstu fimm ára?



Ekki er hægt að segja að einhver ein atvinnugrein umfram aðra skeri sig úr hérna, almennt er það svo að fyrirtækin telja það frekar eða mjög ólíklegt að þau flytji starfsemi sína úr sveitarfélaginu.


Spurning 30: Myndir þú geta nýtt þér beint flug frá Akureyri fyrir þitt fyrirtæki?

Myndir þú geta nýtt þér beint flug til og frá Akureyri fyrir þitt fyrirtæki?				
Svarmöguleikar	2017		2015	
Já	64%	31	50%	30
Nei	39%	20	50%	30
Fjöldi svara		51		60




Eins og sést hérna eru heldur fleiri sem telja að þeir myndu nýta sér beina flugið árið 2017 heldur en 2015 eða 61% á móti 50%.

2017: Myndir þú geta nýtt þér beint flug frá Akureyri fyrir þitt fyrirtæki?



2015: Myndir þú geta nýtt þér beint flug frá Akureyri fyrir þitt fyrirtæki?




Bæði árin eru það ferðapjónusta, sjávarútvegur, landbúnaður og iðnaður sem helst myndu nýta sér beint flug frá Akureyri. Stærstu greinarnar eru ferðapjónusta og iðnaður en það er sú grein sem tekur mestum breytingum á milli kannana en 90% þeirra sem skilgreina sitt fyrirtæki undir iðnaði telja að þeir myndu geta nýtt sér beina flugið.

Spurning 31: Ef já við spurningu 30, vinsamlegast útskýrðu með hvaða hætti.

Myndir þú geta nýtt þér beint flug til og frá Akureyri fyrir þitt				
Svarmöguleikar	2017		2015	
Samskipti/ferðalög vegna vinnu	46%	13	38%	10
Ferðapjónusta	32%	9	27%	7
Útflutningur	14%	4	27%	7
Annað	7%	2	8%	2
Fjöldi svara		28		26

Í þessari spurningu voru svarendur beðnir um að skrifa með hvaða hætti þeir gætu nýtt sér beint flug til Akureyrar. Svörin voru síðan tekin og flokkuð niður miðað við fjölda.



Flest svörin lenda innan flokksins samskipti eða ferðalög vegna vinnu en hérna fyrir neðan má sjá töflu þar sem nánar er tilgreint hvað fellur innan hvers flokks fyrir sig.

	2017	2015
Samskipti/ferðalög vegna vinnu	Ferðalög taka styttri tíma, tímasparnaður, viðskiptaferðir, dýrt að ferðast suður til að fljúga út, útvistun verkefna, ferðalög starfsmanna, starfsemin teygir sig út fyrir landsteinana og henni fylgja mikil ferðalög	Samskipti við viðskiptavini, erlendir kunnar, sækjum vinnu að hluta úr landi, vegna ferða erlendis á vegum vinnunar – sleppum við kostnað við að fara suður fyrst, koma starfsmönnum í frí erlendis, starfsmannaferðir, árshátíð
Ferðaþjónusta	Fleiri ferðamenn inn á svæðið, betra og ódýrara aðgengi ferðamanna inn á svæðið, auðveldara fyrir gesti að koma til okkar – sérstaklega á veturna	Fleiri gestir, styttra að nálgast ferðamanninn, ferðamannastraumur
Útflutningur	Vörur fyrir á markaði – ferskari og betri, fljótlegri að koma vöru á markað	Til flutnings á markað, með flutningi á ferskum fiski, selja ferska vöru beint út, betri markaðsaðstæður, útskipun á fiski
Annað	Auðveldari aðföng frá Evrópu, þróunarverkefni	Bættar samgöngur eru til bóta alltaf, innflutningur

Spurning 32: Annað sem þú vilt að komi fram?

Í þessari spurningu voru svarendur beðnir um að skrifa niður annað sem þeir vildu að kæmi á framfæri.

2017

- Gott að búa í Dalvíkurbyggð
- Þarf að gera garðyrkju mögulega með sambærilegum kostnaði á hitaveitu og annarsstaðar fyrir garðyrkjubændur
- Það þarf að gera eitthvað til að auka húsnæðiskosti í bænum og skortur á nýbyggingum er alveg ótrúlegur
- Hlúa betur að litlum fyrirtækjum í bæjarfélaginu
- Almennt: Það bráðvantar leiguhúsnæði. Sorpmálin eru ekki nógu góð. Og gætum við skapað atvinnu til að finna lausn við sorpvandmáli. Sjálfbærni er eitthvað sem mætti skoða miklu meira og reyna að koma nýsköpun þar af stað með því að styrkja hana
- Galli í spurningu 25. Vantar svarmöguleikann „hef ekki nýtt mér“
- Halda áfram að efla atvinnulífið á Dalvík
- Fín könnun

2015

- Efla andann í bænum, það er eins og sveitarstjórn sé sofandi
- Móralskur stuðningur frá sveitarstjórn
- Dalvíkurbyggð ætti að selja Húsabakka sem fyrst
- Gott að kjörnir fulltrúar væru meira sýnilegir í fyrirtækjum
- Þurfum að leggja 3 milljónir í girðingar þar sem Dalvíkurbyggð hunsar skyldur sínar
- Mjög erfitt að eiga samskipti við forsvarsmenn Dalvíkurbyggðar
- Nauðsynlegast af öllu að koma á flugi frá Akureyri erlendis
- Hugsað verði vel um umhirðum og hreinlæti í Dalvíkurbyggð allir
- Gerið eitthvað fyrir smábáta eigendur annars hverfur hún úr byggðalaginu
- Er í vandræðum núna með að útvega starfsmanni húsnæði
- Mjög gott framtak að gera þessa könnun
- Könnunin er of löng

Samandregnar niðurstöður spurninga

	2017	2015
Spurning 1: Staðsetning fyrirtækja	70% á Dalvík	65% á Dalvík
Spurning 2: Atvinnugreinar	Flest fyrirtæki í iðnaði, opinberri þjónustu, þjónustu og ferðaþjónustu	Flest fyrirtækin í landbúnaði, sjávarútvegi, opinberri þjónustu og þjónustu
Spurning 3: Fjöldi starfsmanna	Meirihluti fyrirtækja með 1-5 starfsmenn, 20% fyrirtækjanna er með starfsmenn á bilinu 51-100.	fjögur stærstu fyrirtækin eru með 385 starfsmenn eða 43% af vinnuaflanum.
Spurning 3: Fjöldi starfsmanna	Þrjár stærstu atvinnugreinarnar, miðað við fjölda starfsmanna, iðnaður, opinber þjónusta og sjávarútvegur	Þrjár stærstu atvinnugreinarnar, miðað við fjölda starfsmanna, sjávarútvegur, opinber þjónusta og iðnaður
Spurning 4: Stöðugildi	55% með 1-5 stöðugildi	
Spurning 5: Hlutfall sem býr í sveitarfélaginu	54% starfsmanna fyrirtækja sem búa allir í Dalvíkurbyggð	67% starfsmanna fyrirtækja sem búa allir í Dalvíkurbyggð
Spurning 6: Þróun starfsmannafjölda	33% þurfa að fjölga starfsfólki og 1% fækka þeim	43% fyrirtækja þurfa að fjölga starfsfólki og 3% fækka þeim
Spurning 7: Árstíðarbundnar sveiflur í starfsmannafjölda	33% fyrirtækja sem búa við mjög eða frekar miklar sveiflur	36% fyrirtækja sem búa við mjög eða frekar miklar sveiflur
Spurning 8: Starfsfólk við hæfi	34% fyrirtækja telja það mjög eða frekar auðvelt að fá starfsfólk við hæfi. 51% fyrirtækja það frekar eða mjög erfitt	30% fyrirtækja telja það mjög eða frekar auðvelt að fá starfsfólk við hæfi. 50% fyrirtækja það frekar eða mjög erfitt
Spurning 9: Hlutfall starfa sem krefst háskólamenntunar	68% krefst ekki eða mjög lítillar háskólamenntunar, 12% mikillar	70% krefst ekki eða mjög lítillar háskólamenntunar, 12% mikillar
Spurning 10: Hvað menntun vantar	Sérhæfða menntun fyrir starfseminna	Sérhæfða menntun fyrir starfseminna
Spurning 11: Árleg velta	44% með yfir 100 milljónir	33% með yfir 100 milljónir
Spurning 12: Breytingar á veltu	56% segja að veltan hafi aukist síðustu 3 ár, mest í ferðaþjónustu og iðnaði,	65% segja að velta hafi aukist, mest í sjávarútvegi og landbúnaði
Spurning 13: Breytingar á afkomu	33% fyrirtækja telja að staða fyrirtækisins verði betri árið 2017 en árið 2016 og 30% að hún verði verri	40% telja að afkoma fyrirtækisins verði betri árið 2015 en árið 2014, 23% að hún verði lakari
Spurning 14: Árstíðarbundnar sveiflur	80% fyrirtækja upplifa árstíðarbundna sveiflu í verkefnastöðu fyrirtækisins	74% fyrirtækja upplifa árstíðarbundna sveiflu í verkefnastöðu fyrirtækisins

Spurning 15: Breytingar á verkefnastöðu	37% telja að verkefnastaða fyrirtækisins hafi batnað	50% telja að verkefnastaða fyrirtækisins hafi batnað
Spurning 16: Vöruþróun	79% telja að þróun núverandi vöru/þjónustu skipti mjög eða frekar miklu máli	71% telja að þróun núverandi vöru/þjónustu skipti mjög eða frekar miklu máli
Spurning 17: Nýsköpun	69% telja að nýsköpun skipti frekar eða mjög miklu máli	53% telja að nýsköpun skipti frekar eða mjög miklu máli
Spurning 18: Markaðssetning	70% að markaðssetning skipti mjög eða frekar miklu máli	72% að markaðssetning skipti mjög eða frekar miklu máli
Spurning 19: Leiðir við markaðssetningu	Efstu fimm eru: heimasíða, facebook, blaðaauglýsingar, almennatengls, sölukynningar. 26% nýta ekki markaðssetningu	Efstu fimm eru: heimasíða, facebook, twitter, vimeo, flickr. 26% nýta ekki markaðssetningu
Spurning 20: Stoðþættir	Efstu fimm eru: Samgöngur, gengisþróun, flutningur aðfanga, gagnaflutningur/ljósleiðari, raforkuverð	Efstu fimm eru: Samgöngur, hafnaraðstaða, verð á vatni, menntun starfsmanna, raforkuverð
Spurning 21: Áherslur til að auka fjölbreytni	Laða ný fyrirtæki, auka nýsköpun, fleiri tækifæri í ferðaþjónustu	Laða ný fyrirtæki, auka nýsköpun, fleiri tækifæri í matvælaframleiðslu
Spurning 22: Samstarf við fyrirtæki í Dalvíkurbyggð	65% fyrirtækja hafa frekar eða mjög mikinn áhuga á samstarfi.	57% fyrirtækja hafa frekar eða mjög mikinn áhuga á samstarfi
Spurning 23: Samstarf við fyrirtæki í Eyjafirði	56% hafa mjög eða frekar mikinn áhuga á samstarfi við önnur fyrirtæki í Eyjafirði	47% hafa mjög eða frekar mikinn áhuga á samstarfi við önnur fyrirtæki í Eyjafirði
Spurning 24: Samstarfsmöguleikar	Markaðssetning, vöruþróun, nýsköpun, starfsmenn, samgöngur og flutningar	Markaðssetning, nýsköpun, samgöngur og flutningar, vöruþróun og starfsmenn
Spurning 25: Þjónusta MF, AFE og NMI	38% fyrirtækja hafa nýtt sér þjónustu MN, AFE og NMI	25% fyrirtækja hafa nýtt sér þjónustu MN, AFE og NMI
Spurning 26: Efling atvinnulífs	95% telja að það þurfi að efla atvinnulíf	96% telja að það þurfi að efla atvinnulíf
Spurning 27: Ef já, þá hvernig	Nýsköpun og fjölbreytni, opinber verkefni, laða að ný fyrirtæki, sérfræðistörf og störf fyrir menntaða	Nýsköpun og fjölbreytni, opinber verkefni, efla og hlúa að fyrirtækjum á staðnum, laða að ný fyrirtæki
Spurning 28: Kostir/gallar	Kostir: Góð staðsetning, stuttar vegalengdir, gott samfélag, , stöðugleiki, góðar samgöngur Gallar: Dyr gjöld, fámenni, lítið fyrir ungt fólk, flutningskostnaður, húsnæðisframboð	Kostir: Fallegt, stuttar vegalengdir, gott samfélag, traust og gott starfsfólk, gott að reka fyrirtæki, góðar samgöngur Gallar: Dyr gjöld, snjómokstur, einlitt samfélag, fjarlægir frá markaði, lítið húsnæðisframboð, einhæfni, flutningsgjöld

Spurning 29: Líkur á flutningi fyrirtækis úr sveitarfélaginu	4% telja það frekar eða mjög líklegt að starfsemi fyrirtækisins verði flutt úr sveitarfélaginu á næstu fimm árum	7% telja það frekar eða mjög líklegt að starfsemi fyrirtækisins verði flutt úr sveitarfélaginu á næstu fimm árum
Spurning 30: Nýting á beinu flugi	61% myndu nýta sér beint flug, helst ferðaþjónusta, sjávarútvegur, landbúnaður og iðnaður	50% myndu nýta sér beint flug, helst ferðaþjónusta, sjávarútvegur, landbúnaður og iðnaður
Spurning 31: Ef já, þá hvernig	Samskipti vegna vinnu, fleiri ferðamenn inn á svæðið, vörur fyrr á markað, auðveldari aðföng frá Evrópu	Samskipti vegna vinnu, fleiri gestir, flutningur á ferskvöru á markað, innflutningur

Niðurstaðan í nokkrum orðum

Margt er sambærileg í þessum tveimur könnunum þó ákveðnar breytingar hafi orðið á þessum tveimur árum. Þar má helst nefna að iðnaður er greinilega vaxandi atvinnugrein sem tekur stökk á milli áranna 2017 og 2015 en töluvert fleiri fyrirtæki í þeirri atvinnugrein taka þátt í könnuninni árið 2017 heldur en árið 2015.

Enn kemur í ljós að fyrirtæki þurfa að leita út fyrir sveitarfélagið til að fá starfsfólk við hæfi, sérstaklega í iðnaði en þar vantar helst sérhæfða menntun fyrir starfsemina. Stærstur hluti starfa í sveitarfélaginu krefst ekki háskólamenntunar og eru nokkur áköll um að bæta þar úr.

Verulega auknar tekjur á milli kannana og eru fleiri fyrirtæki nú að skora hærra í árstekjum heldur en var 2015.

Almennt séð eru nýsköpun, vörupróun og markaðssetning að fá meira vægi árið 2017 heldur en 2015. Varðandi markaðssetningu þá fær markaðssetningu á netinu, í gegnum heimasíður og samfélagsmiðla, meira vægi heldur en aðrar auglýsingaleiðir.

Sem fyrr telja flestir að samgöngur séu sá stoðþáttur sem hafi mest áhrif á afkomu fyrirtækisins. Helsti munurinn á milli áranna 2017 og 2015 er sá að gengispróun hefur meiri áhrif árið 2017 sem og flutningur aðfanga og gagnaflutningur.

Fleiri fyrirtæki hafa áhuga á samstarfi fyrir utan og inna Dalvíkurbyggðar og eru þar helst nefndir þættir eins og markaðssetning, vörupróun og nýsköpun.

Þegar spurt er hvort fyrirtækin hafi nýtt sér þjónustu MN, AFE og NMI vekur athygli að aðeins 38% fyrirtækja hafa nýtt sér þjónustuna árið 2017 sem er þó meira en 2015 en þá voru það aðeins 25%.

Þessar tvær kannanir gefa til kynna að nýsköpun og fjölbreytni, verkefni í opinberri þjónustu, laða að ný fyrirtæki og sérfræðistörf og störf fyrir menntaða séu leiðir til þess að efla atvinnulíf í sveitarfélaginu.